**19. tbl 27.05.2026/33. árg**

Útgefandi og ábyrgðaraðili: Dagný Pétursdóttir, s 8953386/hlaupastelpan@isl.is

# HLAUPASTELPAN

## FÓTSNYRTING

Kvenfélag Mývatnssveitar býður eldri borgurum, 67 ára og eldri, upp á fótsnyrtingu. Þórey Aðalsteinsdóttir kemur 5. og 6. júní og verður með aðstöðu hjá Helgu í Garði.

Þórey tekur við bókunum í síma 899-5239 og hægt er að panta tíma frá 26. maí til 1. júní.

Með kærri kveðju,
Kvenfélag Mývatnssveitar

## Aðalfundur Grenjaðarstaðarsóknar

verður haldinn í Staðarhrauni

miðvikudaginn 27.maí kl.20.00.

Venjuleg aðalfundarstörf

Allir velkomnir

Stjórnin

# Þingeyjarsveit auglýsir tímabundna afleysingu húsvarðar í Ýdölum og Þingeyjarskóla í júlí 2026

Þingeyjarsveit óskar eftir verktaka til afleysinga við húsvörslu í Ýdölum og Þingeyjarskóla í júlí.

Helstu verkefni:

- Ábyrgð á daglegri umsjón með húsnæðinu og búnaði þess ásamt eftirliti
- Minni viðhaldsverkefni og smáviðgerðir ásamt umhirðu lóðar
- Móttaka leigutaka vegna viðburða og upplýsingagjöf til þeirra varðandi umgengni, frágang og aðrar kröfur skv. leigusamningi.
- Þrif eftir fundi og aðra viðburði
- Önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur:

- Góð þjónustulund og samskiptahæfni
- Frumkvæði og skipuleg vinnubrögð
- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af umsjón fasteigna er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 5. júní nk. Með umsókn skal fylgja starfsferilsskrá. Umsóknum skal skilað á netfangið umsoknir@thingeyjarsveit. Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Hólm Valsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs í síma 512-1800 eða í netfangið margret.holm@thingeyjarsveit.is

Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.